

# *Þjórsárskóli*

2008-2010

Skóli á grænni grein



Verkefnisstjóri: Bolette Höeg Koch



Umhverfisnefnd Þjórsárskóla 2009-2010. Hekla Salóme Magnúsdóttir, Díana Ósp Davíðsdóttir, Stefanía Katrín Einarsdóttir og Ágúst Guðnason

## Umhverfissáttmáli Þjórsárskóla

Yfirmarkmiðin eru að:

- Styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð
- Nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- Skóli og heimili taka höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- Örva og efla vitund nemenda um gildi þess að umgangast landið af virðingu
- Nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- Umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Grænfáninn

Markmið 2008 – 2010

Að nemendur

- Vinni í skólalóðinni
- Fræðist um fleiri flokkunar möguleika en við höfum
- Fræði samfélagið í kringum okkur
- Leggi til að skólinn skipuleggi innkaup sín með gæði og endingu í huga.

Áætlun fyrir 2008 -2010

- Nemendur taka þátt í að skipuleggja skólalóðina
- Nefndin skipuleggur fleiri rusladaga
- Settar verða upp ábendingar um umgengni úti við
- Eldri nemendur fara í Sorpu og fá fræðslu þar
- Tekinn verður saman smá bæklingur um umhverfisstefnu skólans fyrir foreldra og hreppsþúa. Lýsing af hvar í sveitinni hægt er að losa sig við sorp og hvernig flokkunar möguleikarnir eru. Fá hreppsnefndina með okkur og prenta bæklinginn og dreifa.
- Farið verður yfir með skólastjóra hvernig innkaupum er háttað.
- Keypt verður lífrænt ræktað grænmeti, þegar hægt er.
- Keypt verði íslensk framleiðsla þegar hægt er.

### Markmið fyrir 2006-2008

#### Að nemendur

- kynnist nánasta umhverfi sínu.
- kynnist sögu og menningu á svæðinu.
- læri um gróðurfar.
- fræðist um orkuframleiðslu í sveitafélaginu.
- kynnist breytingum á atvinnu og búsetu.

### Áætlun fyrir 2006-2008

- Að skólinn bjóði til sín eldri borgara sem búsettur er í sveitarfélaginu.
- Að fara í gönguferðir í nágrenninu.
- Að nemendur fái fræðslu um Búrfellsvirkjun.
- Að nemendur kynnist landnámi, eldgosum og fleiru sem áhrif hefur haft á byggðina.

### Markmið fyrir 2004-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
  - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni.
  - slökkva ljósið á klósettunum.
  - slökkva á tölvunum eftir daginn.
  - fræða nemendur um orku.
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.
- Að auka samstarf við foreldra.

### Áætlun fyrir 2004-2006

- Að setja niður kartöflur og taka upp aftur
- Nýta kartöflurnar í skólanum.
- Að senda upplýsingar heim til foreldra.
- Senda nemendur heim með spurningalista um flokkun sorps á heimilinu.
- Að kenna nemendum um mismunandi orkuframleiðslu.
- Fara með nemendur í heimsókn í virkjanir.

### Markmið fyrir 2002-2004

- Að bæta umhverfi skólans.
- Að bæta umhverfisvitund nemenda og virðingu fyrir umhverfinu.
- Að minnka sorpið sem frá okkur fer.
- Að nemendur læri að flokka sorp og spara orku.

### Áætlun fyrir 2002-2004

- Að nemendur og starfsfólk:
  - flokki lífrænt rusl.
  - flokki pappír.
  - flokki fernur.
  - slökkvi ljósið þegar farið er út úr stofunni.
- Bæta fræðslu til nemenda og foreldra.

- Hafa umhverfisstefnuna sýnilegri.
- Skipuleggja hreinsunardag í hverfinu.
- Minnka sápu- og handþurrkunotkun.
- Að bílstjórar:
  - drepi á bílunum fyrir utan skólann.
- Að skólinn:
  - kaupi og noti hreingerningarefni sem eru vottuð með umhverfissvottun.



*Landgræðsluferð, nemendur að setja niður stiklinga og dreifa heyi á Skaftholti*

## Framkvæmdaáætlun

Umhverfisnefnd skólans er kosin lýðræðislega í 4.-7. bekk. Hún starfar með verkefnisstjóra Bolette Høeg Koch og ræstitækni okkar Hrafnhildi Ágústadóttur og heldur nánast vikulega fundi.

Umhverfissáttmálinn hangir uppi í skólanum, þar sem allir, nemendur, starfsmenn og gestir sjá.

Í skólanum flokkum við rusl í neðangreinda flokka. Flokkunin er þriggja tunnu kerfi sem tekur mið af þeim flokkum sem Íslenska Gámafélagið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur bjóða okkur upp á, á gámasvæðinu við Árnes.

Þetta er nýtt hér og hafa nemendur og foreldrar þurft að tileinka sér nýja kerfið. Kerfið var tekið í notkun 1. október 2009. Tunnurnar eru þrjár, brún fyrir lífrænt, græn fyrir plast, pappír, pappa, járn, fernur og dagblöð. Gráa tunnan er notað undir það sem verður að urða eins og gler, blandað efni, sælgætis bréf og kaffiumbúðir.

Í moltugerðartunnuna fer:

- brauð
- ávextir
- grænmeti
- eggjaskurn
- kaffikorkur
- pappír
- hafragrautur

Moltan úr moltutunnunni er notuð til að setja í beð sem við setjum niður kartöflur í, í vor. Einnig er notuð molta til að skipta um mold fyrir pottaplönturnar sem til eru í skólanum.

Pappír fer:

- Pappír úr tættara á skrifstofunni fer í moltutunnuna.
- Pappír sem notaður hefur verið öðru megin fer í kassa og í notkun.
- Fyll nýtur pappír fer svo í grænatunna

Fernur eru lítið notaðar í skólanum, nemendur fá mjólk úr 10 lítra kassa í morgunmatnum.

Rafhlöður eru settar í gám frá Íslenska Gámafélaginu.

Reynt er að halda handþurrku- og handsápunotkun í lágmarki. En til þess að reyna að minnka smitleiðir vegna h1n1, þá höfum við þurft að nota pappírþurrkur meira en við erum vön. Á salernunum hanga skilti sem minna á að spara notkun. Á starfmannaklósettunum er búið að hengja upp handklæði aftur, en heilbrigðiseftirlitið leyfir það ekki hjá nemendum.

Skilti hanga á skólanum til þess að minna á að hafa bíla ekki í gangi á skólaplaninu.

Með markvissri fræðslu um orkunotkun og orkuframleiðslu hefur verið reynt að halda orkunotkun í lágmarki. Miði er við rofann í kennslustofunum til þess að minna á að slökkva ljós.



5.-7. bekkur í vettvangsferð í Búrfellsvirkjun og fræðast um orkuframleiðslu

Hreinsun í kringum skólann hefur verið skipulögð þannig að svæðinu hefur verið bekkur tekur eitt svæði.

Árlega förum við, nemendur og starfsfólk skólans í fræðslu- og landgræðsluferð í samvinnu við Landgræðsluna.

Fræðsla til foreldra, nemenda og annarra sem áhuga hafa er sett á heimasíðu skólans til þess að stuðla að betri fræðslu.



Nemendur að leika sér á Sandánni

## Kennslumarkmið í Þjórsárskóla

Allar nemendur vinna eftir markmiði skólans en á mismunandi vegu. Markmið um umhverfismennt er innan náttúrufræðimarkmiða í fyrsta til þriðju bekk en sér markmið eru í fjórða til sjöunda.

### Náttúrufræði 1.-3.bekkur

Kennari: Sólrún Héðinsdóttir

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Úr eðlisvísindum

- þekki og vinni með hugtökin hiti
- þekki og vinni með hugtökin kuldi

Úr jarðvísindum

- skoði og fjalli um strandlengju m.a. með tilliti til munar á flóði og fjöru
- skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru
- ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa vinda og vatns
- þekki mun á virkum og óvirkum eldstöðvum
- þekki mótunaráhrif hafsins á fjöruna, þ.e. hvernig fjörusteinar og berg mótast
- þekki að jörðin er byggð upp af kjarna, möttli, jarðskorpu, hafi, lofthjúp
- skoði og fjalli um áhrif vinda á ýmis jarðefni, s.s. uppblástur og sandöldur

Úr lífvísindum

- ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar
- geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum, s.s. sáningu fræja og útungun eggja
- átti sig á að allar lífverur þurfa vatn, loft, fæðu og búsvæði til að lifa
- kanni eigin lífsvenjur og meti hvort þörf sé úrbóta, s.s. á mataræði, svefni, hreinlæti og umgengni

Námsmarkmið skólans

- Að nemendur skilji mikilvægi landgræðslu.
- Að nemendur kunni að flokka pappír og lífrænt rusl.
- Að nemendur kunni að flokka úrgang í lífrænt og ólífrænt.
- Að nemendur þekki heiti árstíða og mun þeirra.
- Að nemendur þekki fæðuöflun trjáa og ljóstillífun.
- Að nemendur skilji að mataræði og svefn hefur áhrif á heilsu manna.
- Að nemendur skilji nauðsyn endurvinnslu og orkusparnaðar.

Samkenntla er í náttúrufræði og samfélagsfræði í 1.-3.bekk. Þessar greinar eru mjög tengdar í yngstu bekkjunum og Komdu skoðaðu bækurnar koma flestar inn á báðar greinarnar.

Námshöggn

Blaðgræna, Tré og ýmis verkefni úr Græðlingar, Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu hafið, ásamt ýmsu efni frá kennara

### Umhverfismennt í 4.,5.,6. Og 7. bekkur

Markmið:

Að nemendur

- flokki pappír, fernur, endurnýtanlegt rusl og lífrænt rusl
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnsluflát
- tíni rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmennnt
- endurnýti náttúruleg efni í hönnun og smíði
- endurnýti/geri við hluti að heima í hönnun og smíði
- fræði foreldra og samfélagið um umhverfismennnt
- fræðist um orku
- fræðist um hringrás náttúrunnar og nýti sér þekkingu sína í vinnu í skólanum

Aðferðir:

Reynt er að flétta umhverfismennnt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði/samfélagsfræði/hönnun og smíði/textílmennnt/útikennslu. Nemendur far í gegnum námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Þjórsárskóla. Einnig verða ýmsar handbækur um umhverfismennnt notaðar.



Kartöfluuppskera 2009

## Grænfánastarfið í Þjórsárskóla veturinn 2008-2010

Gnúpverjaskóli (eins og skólinn hét fyrir sameiningu) var einn af stofnfélögum Grænfánans, við fengum fyrsta fánann afhentan 2004, síðan 2006 svo 2008 og nú sækjum við aftur um að endurnýja fánann.

Starfið í skólanum er í góðri samvinnu skólastjóra, kennara, skólaliða og nemenda. Ég tel að aðalkostur okkar sé hversu góð samvinnan er innan skólans.

Í umhverfisnefndinni sat árið 2008-2009 Dána Ösp Davíðsdóttir fyrir 4. bekk, Stefanía Katrín Einarisdóttir fyrir 5. bekk, Andrea Ýr Úlfhéðinsdóttir fyrir 6. bekk og Henrik Örn Lárusson fyrir 7. bekk. Árið 2009-2010 sitja Hekla Salóme Magnúsdóttir fyrir 4. bekk, Dána Ösp Davíðsdóttir fyrir 5. bekk, Stefanía Katrín Einarisdóttir fyrir 6. bekk og Águst Guðnason fyrir 7. bekk. Hrafnhildur Ágústsdóttir situr í nefndinni fyrir ræstitækna og Bolette Høeg Koch er verkefnisstjóri. Bolette og nemendur hafa fundað nánast vikulega, nemendur hafa verið duglegir að muna eftir fundartímunum og sýnt áhuga og unnið mjög vel. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið í vetur.

Nefndin byrjaði starfið sitt haustið 2008 á því að setja sér markmið.

### Markmið 2008 – 2010

#### Að nemendur

- Vinni í skólalóðinni
- Fræðist um fleiri flokkunar möguleika en við höfum
- Fræði samfélagið í kringum okkur
- Leggi til að skólinn skipuleggi innkaup sín með gæði og endingu í huga.

#### Áætlun fyrir 2008 -2010

- Nemendur taka þátt í að skipuleggja skólalóðina
- Nefndin skipuleggur fleiri rusladaga
- Settar verða upp ábendingar um umgengni úti við
- Eldri nemendur fara í Sorpu og fá fræðslu þar
- Tekinn verður saman smá bæklingur um umhverfisstefnu skólans fyrir foreldra og hreppsþúa. Lýsing af hvar í sveitinni hægt er að losa sig við sorp og hvernig flokkunar möguleikarnir eru. Fá hreppsnefndina með okkur og prenta bæklinginn og dreifa.
- Farið verður yfir með skólastjóra hvernig innkaupum er háttað.
- Keypt verður lífrænt ræktað grænmeti, þegar hægt er.
- Keypt verði íslensk framleiðsla þegar hægt er.

Um leið og ný markmið voru sett var rætt um gömlu markmiðin og talið best að kynna þau fyrir nýju nefndarmönnum og rifja þau þannig upp vegna þess hversu langt var síðan að þau höfðu verið rædd síðast.

Næsta skref var að meta skólann og nefndin fór í sameiningu yfir umhverfisgátlista, það eru engar stórar breytingar sem koma fram á honum en þó einhverjar. Gátlistinn er í möppu sem geymir Grænfána verkefni eins og allar fundargerðir. Ýmsu hefur verið bætt við. Við höfum til dæmis skipt vasareiknum út og notum nú vélar sem ganga fyrir sólarorku.



Þegar yfirferðin yfir listann var lokið, byrjuðum við að vinna með skólalóðina. Nefndin ræddi um hvaða munur er á því að fá tækifæri til þess að taka þátt í að móta leikaðstöðu í staðinn fyrir að leiktækin séu keypt og sett niður eins og áður var.

Nefndin lagði mikla vinnu í skólalóðina, fyrst fórum við í hugmyndavinnu og þegar við töldum að við værum komin niður á sameiginlega niðurstöðu funduðum við með skólastjóra og lögðum fyrir hana hugmyndir okkar. Eftir þann fund teiknuðum við inn á kort staðsetninguna á hugmyndum okkar. (Kortið er í vörslu skólastjóra). Byrjað var að framkvæma hugmyndirnar á starfsdögum skólans í júní. Þá var farið inn í Þjórsárdal og fundið efni sem hentaði í girðingar og leiktæki. Þessi vinna hélt áfram eftir að nýtt skólaár byrjaði í ágúst. Nemendur skólans tóku þá þátt í að skapa skólalóðina. Þessari vinnu verður haldið áfram.



Nemendur að bera hey í rofabarð

Umhverfisnefndin er ákveðin í að halda áfram að setja niður kartöflur á vorin, eins og við höfum alltaf gert. Það er svo gott tækifæri til þess að ræða hringrás náttúrunnar. Við lentum í smá vandræðum með kartöflurnar. Þegar við tókum upp í haust var hrúður á hýðinu. Við sendum kartöflu til matvælastofnunar og fengu þau skilaboð að moltan væri of basísk. Við erum að takast á við það og ætlum að reyna að sleppa hrossaskítum sem við erum vön að bera á beðið.



Við höldum grænan dag til þess að minna á markmiðin okkar um að vera grænn skóli. Þá klæddust allir einhverju grænu og nefndin var búin að skreyta skólann með grænu.

Þar voru keypt ný húsgögn í skólanum, íslensk að sjálfsögðu. Þetta voru mjög vonduð og fín há borð og stólar frá Á. Guðmundsyni.

Nefndin hengdi upp skilti úti á gervigrasvellinginum til að minna notendur á að ganga vel um og að setja ruslið í tunnuna. Völlurinn er mikið notaður eftir að skóla lýkur á daginn og fannst nemendum illa um hann gengið. Í vor ætlum við í nefndinni að leggja til meiri hreinsun á skólalóðinni.

1. október tók Skeiða- og Gnúpverjahreppur nýtt sorpflokkunarkerfi í notkun. Nemendur í skólanum fengu fræðslu, síðan aðrir íbúar. Þannig að fræðslan sem

nemendur í umhverfisnefndinni ætluðu foreldrum sínum og öðrum íbúum gerist ekki þörf. Allir sveitungar fengu þrjár tunnur og bækling til að fara eftir. Þar með voru forsendur okkar til að búa til bækling fyrir sveitina brostnar en við í umhverfisnefndinni ákváðum að búa til bækling fyrir börn. Þar eiga bara að vera myndir og einföld uppsetning, bæklingurinn er í vinnslu. Vonumst við til að hann komi út fyrir vorið. Við ætlum að prenta hann út og setja hann saman í skólanum. Drög að honum fylgja þessari skýrslu.

Skólalóðin er mikið notuð fyrir útikennslu ekki síst í heimilisfræði og náttúrufræði. Við notum líka þjóðskóginn í Þjórsárdal til útikennslu. Skólinn fer u.þ.b 8 sinnum á hverju skólaári inn í skóg. Þar er kennt án blaðs og blýants. Ferðirnar eru skipulagðar með mismunandi kennslugreinar sem þema dagsins. Þar upplifum við náttúruna og lærum í leiðinni. Við lærum að hirða skóg með því að klippa og snyrta. Við höfum safnað furukönglum sem skógræktin notar til að framleiða fleiri tré.



Furukönglar sem við tíndum fyrir skógræktina

Við förum með efni heim í skólann og notum í smíði og búum til skraut til dæmis um jól og páska.

Í haust var haldið Málþing barnanna, þar sem allir nemendur tjáðu sig bæði um það sem þeim finnst gott í skólanum og líka það sem mætti bæta og breyta. Þetta þing var mjög vel sótt af foreldrum og sveitarstjórnarmönnum.



Nemendur að halda ræðu á málþingi

Nemendur í 5.-7. bekk fóru í vettvangsferð í Sorpu, skoðuðu húsakynni og lærðu um flokkun sorps. Við fengum bæklinga og litabækur með heim, þannig gátum við líka

frætt 1.-4. bekk sem ekki fóru með í ferðina. Einnig fór 5.-7. bekkur í Búrfellsvirkjun og fengu fræðslu um orkuframleiðslu. Unnið var með orku í samfélagsfræði og náttúrufræði samtímis. Hér voru meðal annars rædd álitamál eins og virkjun Þjósárs. Við förum í hjólaferð um nánasta umhverfi okkar á haustin. Míslangt eftir aldri nemenda. Þannig kynnast nemendur nærsvæði skólans vel.



Verið að byggja moldarhús á skólalóðinni

Þjósárskóli tók þátt í þróunarverkefni um GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða. Tóku kennarar þátt í námskeiði og fræðslufundi um menntun til sjálfbærrar þróunar og reyndu svo að taka mið af þeim viðmiðum um kennslu til sjálfbærni í öllum verkefnum sem unnin voru í skólanum. Við nýtum okkur ýmsa miðla til að vinna að grænfánamarkmiðunum, til dæmis bækur eins og *Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð*. Á netinu notum við <http://www.heimurinn.is/>, <http://www.flokkarinn.is/>, ásamt vefrally sem Bolette vann sérstaklega fyrir Þjósárskóla <http://notendur.hi.is/bhk3/Vefrallyumumhverfismennt.html>.

Verkefni sem við höfum unnið er skólalóðin, útikennsla, kennsla í þjóðskógi, fræðslufni um flokkun sorps og hefur allt starf verið miðað við það.

Það er mat nefndarinnar að þau markmið sem sett voru fyrir 2009-2010 hafi náðst eða náist nú í vor. Einnig hefur verið farið yfir skrefin sjö. Á þeim forsendum sækir Þjósárskóli um að fá að endurnýja Grænfánann.



Nemendur að bera mól í fötu í stíg á skólalóðinni

## Sýnishorn af fundargerðum umhverfisnefndarinnar

Skólaárið 2008-2009 voru skrifaðar 17 fundargerðir og á þessu ári eru þær orðnar 13. Fundagerðirnar, gátlistann og fleira sem tengist Grænfánanum eru geymt í skólanum.

### Fundagerð 1

Þriðjudagur 30.sep. 2008 kl.12:30

### Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Ragnhildur, Stefanía, Díana og Bolette

1. Bolette kynnti starfið fyrir nýjum í hópnum.
2. Starfið í fyrra rifjað upp.
3. Rætt um innkaup, Bolette sagði frá því að Lilja fyrir hönd skólans væri að semja um að kaupa lífrænt ræktað grænmeti.
4. Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. október, þar á að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:50

### Fundagerð 8

Þriðjudagur 2.des 2008 kl.12:30

### Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

1. Hrært upp í moltutunnunni og settur pappír úr pappírstætaranum í tunnuna til að þurrka svolítið massann.
2. Sáttmálinn var ljósritaður á A3 og hengdur upp í anddyrinu.
3. Næsti fundur verður 9. des.

Fundi slitið kl.12:45

## Fundargerð 1

Þriðjudagur 22. sep. 2009 kl.10:05

### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

1. Hekla boðin velkomin í hópinn.
2. Rætt um skipulag og fundartíma.
3. Farið út í myndatöku.
4. Skrifuð frétt og send skólastjóranum til að setja á vefinn.
5. Næsti fundur verður þriðjudaginn 28. september .

Fundi slitið kl.10:15

## Fundargerð 2

Þriðjudagur 29. sep. 2009 kl.10:00

### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

1. Rætt um verkefni sem unnin voru þegar Gámafélagið kom. Ýta þarf á eftir að þau verði hengd upp.
2. Ákveðið að leggja til að halda grænan dag miðvikudaginn 14. okt. Allir klæði sig í græn föt og nefndin hengi upp grænar skreytingar.
3. Á næsta fundi hefst undirbúningur fyrir græna daginn.

Fundi slitið kl.10:15

